

Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og 56
Kjósarsýslu, um þingstað í Njarðvíkurhreppi. 8. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 29. f. m., og ósk hreppsnefndar Njarðvíkurhrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að Njarðvíkurhreppur verði framvegis sérstök dómþinghá með þingstað að Bjargi í Ytri-Njarðvík, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð síra Arnórs Árna- 57
sonar og Ragnheiðar Eggertsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- 7. apríl
og kirkjumálaráðherra 7. apríl 1942.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð síra Arnórs Árnasonar og Ragnheiðar Eggertsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður séra Arnórs Árnasonar og Ragnheiðar Eggertsdóttur.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður 1938 fyrir forgöngu Kvenfélags Skefilsstaðahrepps, með gjöfum frá félagskonum og söfnuðunum í Hvammsprestakalli í Skagafirði, til minningar um prestshjónin Arnór Árnason og Ragnheiði Eggertsdóttur, síðast að Hvammi í Laxárdal.

Stofnfé sjóðsins er nú, við árslok 1941, kr. 1253.49.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Vextir lagðir við höfuðstól.
- b. Gjafir og áheit, sem honum kunna að hlotnast.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka sjúklinga í Skefilsstaðahreppi, sem ekki eru á sveit, einkum þá, sem þurfa að leita sér lækninga út úr héraðinu.

5. gr.

Ekki kemur til úthlutunar úr sjóðnum fyrr en hann er orðinn 3000 krónur, þó má úthluta allt að $\frac{3}{4}$ hluta ársvaxtanna, en afgangurinn leggst við höfuðstól, þar til hann hefur náð 10000 krónum. Úr því má úthluta $\frac{1}{10}$ ársvaxtanna, en $\frac{1}{10}$ hluti þeirra leggst ávallt við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

57

7. apríl

Fé sjóðsins skal geymast og ávaxtast í Sparisjóði Sauðárkróks, eða annarri jafntryggri lánsstofnun, ásamt þeim hluta árlegra vaxta, er ekki ganga til úthlutunar. Verði eitthvert ár ekki úthlutað úr sjóðnum, leggjast allir vextir hans við höfuðstól.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn.

Sjálfkjörnir í stjórnina eru: Þjónandi prestur í Hvammsprestakalli og hreppstjóri Skefilsstaðahrepps, en 1 kosinn af Kvenfélagi Skefilsstaðahrepps. Gildir kosning hans til 5 ára.

8. gr.

Stjórnarnefnd annast styrkveitingar úr sjóðnum og annað honum viðkomandi. Hún heldur gerðabók, er hún ritar í styrkveitingar og aðrar framkvæmdir sínar í þágu sjóðsins. Hún gerir jafnaðarreikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins ár hvert, og sendir sýslunefnd Skagafjarðarsýslu þá til athugunar og samþykktar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari, og má henni ekki breyta, nema öll stjórnarnefndin leggi það til og Kvenfélag Skefilsstaðahrepps ásamt almennum sveitarfundi sama hrepps, samþykki breytinguna, verður þá og að leita staðfestingar á henni. En þó má aldrei skerða höfuðstól þann, sem þá er til, og aldrei láta koma til úthlutunar meira en $\frac{1}{10}$ vaxta af höfuðstólnum.

Hætti Kvenfélag Skefilsstaðahrepps að vera til, tekur hreppsnefnd sama hrepps að sér hlutverk þess gagnvart sjóðnum.

Fyrir hönd stofnenda sjóðsins.

Hrauni, 18. des. 1941.

Helgi Konráðsson,
prestur.

Steinn L. Sveinsson,
hreppstjóri.

58

7. apríl Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Ekknasjóð Akraness“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 7. apríl 1942. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ekknasjóð Akraness.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ekknasjóður Akraness, og er stofnaður af Ásbirni Ólafssyni snikkara, Þingholtsstræti 22, Reykjavík, á átræðisafmæli hans hinn 15. október 1940, til minningar um foreldra hans, hjónin Ólaf Magnússon og Málfríði Ásbjörnsdóttur, sem kennd voru við Litlu-Brekku á Akranesi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er gjöf stofnandans að upphæð 1000 — eitt þúsund — krónur á stofndegi, hinn 15. okt. 1940. Tekjur sjóðsins eru, auk tilfallandi vaxta, gjafir og áheiti, er honum kunna að áskotnast.